

## LEIKMANNASAMNINGUR BLÍ

Atvinnusamningur  Áhugasamningur  Uppeldissamningur

(merkið við þar sem við á)

Félagið \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_ - \_\_\_\_\_, hér eftir nefnt félag,

og leikmaðurinn \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_ - \_\_\_\_\_,

hér eftir nefndur leikmaður, gera með sér eftirfarandi leikmannasamning.

Samningur þessi gildir frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_.

### 1. Skyldur leikmanns:

- a) Leikmaður skuldbindur sig til að æfa og leika blak með félagi sínu á samningstímanum samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins/deildarinnar eða fulltrúa þess (þjálfara) og taka þátt í sameiginlegum verkefnum leikmanna félagsins í samráði við stjórn. Leikmaður skuldbindur sig til þess að nýta alla sína íþróttagetu á hverjum tíma í þágu liðsins og hjálpa þannig liðinu að ná sínum markmiðum og viðhalda og bæta eigin getu. Öll forföll skal leikmaður tilkynna stjórn félagsins/deildarinnar eða fulltrúa þess (þjálfara). Ástæður langtíma veikinda/forfalla skulu staðfestar með læknisvottorði eða vottorði frá þar til bærum aðila. Leikmanni er ekki heimilt að taka sér leyfi frá iðkuninni án samþykkis stjórnar félagsins/deildarinnar.
- b) Leikmaður skal fylgja þeim reglum sem settar eru um undirbúning leikja og nota þann útbúnað sem félagið fer fram á að verði notaður. Leikmaður skal gæta þess að öll framkoma hans og talsmáti séu félaginu sæmandi og til framdráttar jákvæðri ímynd félagsins og íþróttarinnar í heild. Leikmaður skal kynna sér siðareglur félagsins svo og siðareglur BLÍ og fara eftir þeim í allri sinni framkomu innan sem utan vallar.
- c) Leikmanni er óheimilt að gera sjálfstæðan auglýsingasamning án samþykkis stjórnar félagsins/deildarinnar. Félaginu og BLÍ er heimilt án endurgjalds til leikmanns að nota myndir, myndbönd, hljóðupptökur og annað sambærilegt af leikmanni til auglýsingar á viðburðum félagsins og/eða BLÍ.
- d) Leikmanni er óheimilt að æfa, keppa, þjálfra eða sýna blak á vegum annars aðila en félagsins á samningstímanum án leyfis stjórnar félagsins/deildarinnar nema vegna skyldu skóla (s.s. íþróttatímar). Þó skal honum ævinlega heimil þátttaka í verkefnum á vegum BLÍ. Leikmanni, 18 ára og eldri, með atvinnusamning er ekki heimilt að æfa eða taka þátt í öðrum íþróttagreinum en blaki án sérstaks leyfis stjórnar félagsins/deildarinnar.
- e) Leikmaður getur ekki gert frekari kröfur um greiðslur en fram koma í samningi þessum. Heimilt er að greiða leikmönnum með áhuga- eða uppeldissamning árangurstengda bónusa ef allir leikmenn njóta sömu tækifæra til slíkra bónusa. Búnaður til æfinga og aðstaða til æfinga, hvort heldur er í íþróttasal eða lyftingaaðstaða, og aðgangur að henni (s.s. líkamsræktar- eða sundkort) sem og ferðakostnaður til keppni telst ekki til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu né árangurstengdir bónusar. Félag getur ekki krafist leikmann um endurgreiðslu á búnaði, aðstöðu eða aðgengi til æfinga, árangurstengdum bónusum né ferðakostnaði til keppni komi til þess að samningi sé rift eða leikmaður leystur frá honum.
- f) Á samningstímanum má leikmaður eða umboðsmaður hans ekki ganga til samninga eða hafa samband sjálfur eða einhver fyrir þeirra hönd, við önnur íslensk félög eða umboðsmenn þeirra án samþykkis félagsins. Viðræður við íslensk félög geta þó farið fram á síðustu þremur mánuðum samningstímans svo fremi sem leikmaðurinn haldi samninginn að öðru leyti. Ef leikmaður eða umboðsmaður hans fer í viðræður við erlent félag skulu aðilar tilkynna stjórn félagsins/deildarinnar um þær fyrirfram.
- g) Leikmanni sem tekur þátt í leikjum á vegum BLÍ er óheimilt að taka þátt í hverskonar veðmálastarfsemi, fjárhættuspilum, happdrætti eða þess háttar vegna leikja eða atvika í leikjum á vegum BLÍ með beinum eða óbeinum hætti. Jafnframt er leikmanni óheimilt að veita öðrum upplýsingar sem ekki eru opinberar upplýsingar, í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál.

- h) Leikmanni er ekki heimilt að þiggja gjafir eða hlunnindi frá þriðja aðila sem geta leitt til þess að rýra trúverðugleika, sjálfstæði eða hlutleysi leikmanns.
- i) Leikmaður skal í einu og öllu fylgja þeim reglum sem gilda varðandi lyfjamisnotkun og bannaðar aðferðir í íþróttum, hér er m.a. átt við boðun í lyfjapróf, bannlista alþjóða lyfjaeftirlitsins og undanþágur frá honum. Leikmanni ber að kynna sér þær reglur sem gilda innan íþróttahreyfingarinnar varðandi ólöglega lyfjanotkun íþróttamanna. Leikmaður skal gæta varúðar við töku fæðubótarefna.

## 2. Skyldur félags

- a) Félagið skal leitast við að sjá leikmönnum fyrir sem bestri aðstöðu til æfinga og keppni.
- b) Félagið skal gæta þess að þjálfarar þess stundi starf sitt á þann hátt að það skili leikmönnum og félaginu sem mestum árangri.
- c) Félagið skal vísa leikmanni, sem verður fyrir meiðslum við æfingar eða keppni á þess vegum eða BLÍ, til hæfs læknis eða sjúkráþjálfara. Félagið skal greiða þann kostnað sem leikmaður þyrfti að bera vegna meðferðarinnar **á samningstímanum** og ekki greiðist af almannatryggingum eða tryggingarfélagum, ef leikmaður fylgir leiðsögn félagsins um lækni og sjúkráþjálfara, enda sé slík meðferð bein afleiðing meiðsla við æfingar eða keppni á vegum BLÍ. **Ábyrgð félagsins takmarkast ávallt við eigin hlut sjúklings í meðferð innan íslenska heilbrigðiskerfisins og felur ekki í sér vernd gegn örorku né launatapi.** Leikmaður hefur heimild til að leita til annarra fagaðila en þeirra sem félagið bendir á en þá skal leikmaður greiða sjálfur fyrir þá þjónustu. Félagið skal sjá til þess að á leikjum meistaraflokks sé til taks læknir, hjúkrunarfræðingur eða sjúkráþjálfari.
- d) Með samningi þessum losar leikmaður lækna og sjúkráþjálfara félagsins undan trúnaðarskyldu gagnvart félaginu/deildinni, stjórn þess og þjálfarateymis, hvað varðar ofangreind atriði varðar.
- e) Félagið staðfestir að leikmaður sé ekki samningsbundinn öðru félagi þegar samningur þessi er undirritaður.

## 3. Almenn ákvæði

- a) Atvinnusamning skal gera við leikmenn sem fá fastar greiðslur frá félagi fyrir að æfa og leika blak. Áhugasamning skal gera við leikmenn sem ekki fá umbun frá félagi (aðra en tilgreinda í lið 1.e.) fyrir að æfa og leika blak og leika ekki með yngri flokkum félagsins. Uppeldissamning skal gera við leikmenn sem ekki fá umbun frá félagi (aðra en tilgreinda í lið 1.e.) fyrir að æfa og leika blak og leika með yngri flokkum félagsins.
- b) Ekki er heimilt að gera lengri atvinnusamning en til þriggja keppnistímabila. Áhugasamning er ekki heimilt að gera til lengri tíma en tveggja keppnistímabila og uppeldissamning er ekki heimilt að gera til lengri tíma en eins keppnistímabils.
- c) Báðir aðilar gangast við að virða og undirgangast lög, siðareglur og reglugerðir BLÍ í hvívetna. Ef ágreiningur kemur upp um túlkun eða gildi samningsins skal reyna að leysa ágreininginn innan félagsins. Í slíkum tilfellum skulu leikmenn meistaraflokks tilnefna tvo aðila og stjórn félagsins/deildarinnar tvo aðila í nefnd sem sker úr um ágreiningsefnin. Ef slíkt dugar ekki til er hægt að leita til BLÍ varðandi ágreining sem kemur með tillögu að niðurstöðu nema hvað varðar ágreining um greiðslur og annað sambærilegt og uppgjör slíkra mála en slík mál eiga undir dómstóla landsins. Ef samkomulag næst ekki úrskurðar BLÍ í deilumálum varðandi félagsskipti og önnur slík mál í samningum. Slíkum niðurstöðum má vísa til dómstóla ÍSÍ.
- d) Félagið og leikmaður vinna sameiginlega að því að berjast gegn hvers konar mismunun, varðandi kyn, kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, félagslega stöðu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins. Félagið og leikmaðurinn vinna einnig saman að koma í veg fyrir hvers konar kynferðislega eða kynbundna áreitni, einelti, ofbeldi eða aðra vanvirðandi framkomu.
- e) Ef annar hvor samningsaðili verður uppvís að því að brjóta ákvæði (vanefndir) samnings þessa í mikilvægum atriðum, getur hinn aðilinn rift honum að undangenginni áskorun. Áskorun um slíkar vanefndir skal send með sannanlegum hætti að liðnum a.m.k. 30 dögum frá upphafi vanefnda og skal gefa a.m.k. 15 daga til efnda áður en lýst er yfir riftun. Sé samningnum rift er leikmanninum heimilt að gera samning við annað félag og leika með því svo fremi sem hann uppfylli *Reglugerð BLÍ um félagaskipti*. Leikmaður sem efnir ekki leikmannasamning að einhverju leyti getur ekki gert kröfur um greiðslur fyrir þann hluta samningsins sem er vanefndur. Félag losnar ekki undan skyldum sínum skv. leikmannasamningi þó að félagið

efni ekki leikmannasamning að einhverju leyti og leikmaður hafi rift samningi við félagið. Þó skal leikmaður draga frá kröfu sinni þær greiðslur sem hann fær frá öðru félagi á þeim samningstíma sem hann krefst efnda á frá fyrra félagi.

- f) Hvorugur aðilinn getur sagt upp samningi þessum einhliða. Aðilar geta þó hvenær sem er orðið sammála um að leysa hvorn annan frá honum. Upplýsingar um slíkt skulu strax sendar skrifstofu BLÍ. Sé leikmaður leystur frá samningi er honum heimilt að gera samning við annað félag og leika með því svo fremi sem hann uppfylli *Reglugerð BLÍ um félagaskipti*.
- g) Varðandi önnur atriði er vísað í reglugerðir BLÍ og þá sérstaklega í *Reglugerð um félagaskipti*. Eru ákvæði þeirra reglugerða skuldbindandi fyrir aðila samnings þessa og staðfesta aðilar það með undirskrift sinni. Breyti aðilar samningi þessum skulu slíkar breytingar tilkynntar með sama hætti og varðandi samning þennan og innan sömu tímamarka og um hann gilda.
- h) Uppeldis- eða áhugasamningur takmarkar ekki möguleika félags á því að innheimta æfingagjöld vegna þátttöku slíks leikmanns í yngri flokkum félagsins.
- i) Leikmannasamningur skal sendur skrifstofu BLÍ til skráningar og öðlast ekki gildi fyrr en við móttöku hans þar. Það er á ábyrgð félagsins að senda samninginn.

#### **4. Annað (laun, hlunnindi og önnur ákvæði)**

A. Launakjör

B. Hlunnindi (s.s æfingafatnaður, ferðakostnaður)

C. Önnur ákvæði

Samningur þessi er gerður rafrænt og fær hvor aðili eintak ásamt skrifstofu BLÍ.

Staður: \_\_\_\_\_ Dags.: \_\_\_\_\_

Staður: \_\_\_\_\_ Dags.: \_\_\_\_\_

Undirskrift leikmanns \_\_\_\_\_

Undirskrift félags \_\_\_\_\_

Staðfesting forráðamanns leikmanns \_\_\_\_\_

Kennitala \_\_\_\_\_

Móttekið af skrifstofu BLÍ

Staður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_

Undirskrift starfsmanns BLÍ \_\_\_\_\_